


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010		
Höfundur: GLÁ		
Samþykkt: HJS		
Síða 1 af 3		
<b>Teikningar og verklýsingar í húsgagnasmíði THG 303 Kennsluáætlun vorannar 2011</b>		

<b>Kennari</b>	Halldór Torfi Torfson	<b>Sk.st.</b>	HTT
----------------	-----------------------	---------------	-----

Undanfari: THG 203

### Áfangalýsing:

Í áfanganum fá nemendur enn frekari þekkingu og þjálfun í lestri og gerð húsgagnateikninga með áherslu á flóknari útfærslur, bogin form, smíðistengi og sjálfstæð vinnubrögð. Teiknaðar eru útlits- og vinnuteikningar úr verkefnasafni arkitekta og hönnuða að viðurkenndum húsgögnum. Meiri áhersla er lögð á að nemendur geti gert rúmmyndir af húsgögnum sem sýna form þeirra og lögun og fái æfingu í gerð einfaldra verklýsinga á grundvelli teikninga. Í áfanganum kynnast nemendur einnig notkun tölvutækni við gerð og miðlun teikninga og annarra hönnunargagna. Áfanginn er ætlaður húsgagnasmiðum og byggist að mestu á verkefnavinnu auk þess sem nemendur læra um viðmót og uppbyggingu algengustu teikniforrita.


### Áfangamarkmið:

Nemandi

- þekki uppbyggingu og samsetningar á flóknari gerðum húsgagna
- þekki stöðluð mál á húsgögnum sem ætluð eru til almennra nota
- þekki útfærslur á flóknari samsetningum og smíðistengjum
- hafi innsýn í tæknilegar útfærslur vegna flóknari samsetninga
- þekki upplýsingar og leiðbeiningar um gerð og viðhald húsgagna
- geti lesið og unnið með flóknari teikningar af húsgögnum
- þekki allar gerðir uppdráttar og teikninga og almenn teiknitákn
- þekki fagheiti og skilgreiningar í flóknari húsgagnateikningum
- geti lesið og skilið merkingar á teikningum og meðfylgjandi verklýsingar
- geti gert einfalda verklýsingu með hliðsjón af húsgagnateikningu
- geti gert tíma- og kostnaðaráætlun fyrir smíði á flóknara húsgagni
- kynnist algengustu teikniforritum á tölvu og þekki notkun þeirra við gerð og miðlun hönnunaruppdráttar
- geti teiknað flestar gerðir húsgagna og hannað sveinsprófsverkefni
- geti gert litaðar rúmmyndir sem sýna form og útlit húsgagna
- geti gert fríhendisrissmyndir, flatar- og rúmteikningar af húsgögnum
- geti gert sniðmyndir, skurði og hlutamyndir af húsgögnum með málvikum
- geti sett fram hugmynd að húsgagni og unnið úr henni vinnuteikningar

### Efnisatriði/kjarnahugtök

Húsgagnahönnun, arkitektar, húsgagnahönnuðir, hönnunarferli, hugmynd, rissmyndir, hlutverk og form, frjáls form, plast, málmar, formun, formbeygt tré, formlíming á tré, samkýling á tré, formpressun með hátíðni, lífrænn fúnksjónalismi, plastískt tré, inn-felldur spónn, eldri stíltegundir, tölvuteikning, tölvustudd hönnun.

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010		
Höfundur: GLÁ		
Samþykkt: HJS		
Síða 2 af 3		
<b>Teikningar og verklýsingar í húsgagnasmíði THG 303 Kennsluáætlun vorannar 2011</b>		

### Námsefni:

Vinna verður með svipuðu móti og í fyrri áföngum, þ.e. teiknuð verða verkefni að vali kennara og þau unnin innan ákveðins tíma.

Aðalverkefni annarinnar verður hönnun og teikning lokaverkefnis í tengslum við LHG104, ásamt efnisskýrslu og verklýsingu fyrir það verkefni. Haldið verður áfram að skoða bólstruð húsgögn og smíði þeirra með áherslu á vinnuteikningar.

Teiknað verður þakmódel með húsasmíðunum og rifjaðar upp aðferðir við teikningu stiga.

Ef tími vinnst til verður farið dýpra í hönnun húsgana og skoðuð verk frægra hönnuða.

### Vikuáætlun:

Vika	Verkefni	
1 – 2	Þök og þakvirki	
3 – 7	Hönnun og teikning lokaverkefnis	
8 – 10	Önnur húsgögn	
11 – 12	Stigar (í tengslum við TRS102)	
13 – 15	Önnur húsgögn	
17	Frágangur	

*Athugið: Með vikunúmer er átt við vikur ársins eins og á dagatalinu í INNU.*

### Námsmat:

Áfanginn er próflaus og gilda verkefni 100% til einkunnar. Verkefnum skal skila fyrir 1. maí 2011.

### Námsefni:

Ljósrit frá kennara og efni annarra fagtengdra áfanga

### Ath:

**Gert er ráð fyrir að nemendur geti þurft að vinna við teikningar utan kennslutíma**


Réttur til breytinga áskilinn

*Halldór TT      [dori@vma.is](mailto:dori@vma.is)*

### Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010	Teikningar og verklýsingar í húsgagnasmíði <b>THG 303</b> Kennsluáætlun vorannar 2011	
Höfundur: GLÁ		
Samþykkt: HJS		
Síða 3 af 3		